

19. gr.

Við 1. gr. reglugerðar um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl., nr. 634 30. desember 1991, bætist þrír nýir töluliðir á eftir 5. tl., sem orðist svo:

- | | |
|------------------------------------------------------------------------------|------------|
| 6. Próf til að stjórna vörubifreið | kr. 12 000 |
| 7. Próf til að stjórna hópbifreið | kr. 12 000 |
| 8. Próf til að stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni | kr. 12 000 |
- Núverandi 6. tl. verði 9. tl.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 325/1992 um sérstaka tollmeðferð vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Tyrklands.

1. gr.

3. málslíður 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Ennfremur skulu gilda um tollmeðferðina reglur nr. 440/1991 um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EB.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. falli brott.

3. gr.

Við upptalningu í lista I á vörum úr landbúnaðarhráefnum sem skv. 2. tl. 2. gr. njóta fríðindameðferðar bætist tnr. 1806.9007.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. september 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.